



Ytra mat

Leikskólinn Laufás

Pingeyri

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Sigrún Einarsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir
© Menntamálastofnun, 2019.
ISBN 978-9979-0-2378-4

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	8
Leikskólinn	8
Starfsmenn	8
Húsnæði	8
Útileiksvæði	9
Hugmyndafræði og áherslur	9
Stjórnun	11
Stjórnskipulag og skipurit.	11
Námskrá og áætlanir	11
Stjórnun og starfsmenn.	12
Fagleg forysta	12
Starfsandi og starfsánægja	12
Uppeldis- og menntastarf	15
Námsaðstæður	15
Starfshættir	15
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	16
Námssvið.	16
Velferð og líðan barna.	17
Mat á námi og velferð barna	18
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	19
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	19
Viðhorf foreldra	19
Samstarf við grunnskóla	19
Annað samstarf	20
Skóli án aðgreiningar	21
Skólaþjónusta og sérkennsla	21
Börn með annað móðurmál en íslensku	21
Innra mat	22
Skipulag og viðfangsefni	22
Gagnaöflun og vinnubrögð	22
Opinber birting og umbætur	22
Matsþættir	24
Samantekt	25
Lokaorð	28
Heimildir.	29

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Húsnæði leikskólans er rúmgott, vel nýtt og býður upp á tækifæri til fjölbreyttra þroskaeflandi leikja og viðfangsefna. Leikskólalóðin er stór, vel hönnuð og gefur mikla möguleika á frjálsum og krefjandi leikjum. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa. Ísafjarðarbær hefur veitt styrk til starfsmanna sem sækja leikskólaliða- og leikskólakennaranám. Áhersla leikskólans er leikurinn og einkunnarorð hans er það er leikur að læra en þau mættu vera sýnilegri í umhverfi leikskólans. Leikskólinn er þátttökuskóli í Heilsuefandi skólar frá árinu 2008. Stefna leikskólans er skýrt fram sett í skólanámskrá en mætti kynna hana betur fyrir foreldrum og gera sýnilegri á heimasíðu leikskólans. Starfsmenn þekkja vel stefnu og áherslur leikskólans.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Leikskólastjóri er skólastjóri leik- og grunnskólans og hefur starfað í eitt og hálf ár eða frá sameiningu skólastiganna. Á skólaskrifstofu Ísafjarðarbæjar starfar skóla- og sérkennslufulltrúi sem sinnir sérkennslu í leik- og grunnskólum bæjarfélagsins. Starfsmenn eru ánægðir með samstarf við hann og sögðu gott að leita til hans um ráðgjöf. Skólanámskrá leikskólans gerir ítarlega grein fyrir áherslum leikskólans og skólastefna leik- og grunnskóla Ísafjarðarbæjar endurspeglast í hugmyndfræði og áherslum leikskólans. Starfspróunarsamtöl eru tekin reglulega og leikskólastjóri hvetur starfsmenn til að sækja sér símenntun. Gera þarf áætlun um símenntun og birta í starfsáætlun. Skráð gögn til stuðnings leikskólastarfinu eru nokkur og er þau að finna í starfsáætlun leikskólans. Þar á meðal áætlun um upphaf leikskólagöngu. Rýmingaráætlun er til og er sýnileg í leikskólanum. Skrá þarf verklag um viðbrögð við slysum en starfsmenn sögðust þekkja það vel. Jafnréttisáætlun hefur verið unnin fyrir alla skóla hjá Ísafjarðarbæ. Gera þarf starfsmannahandbók fyrir starfsmenn leikskólans sem byggir á starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar. Starfsmenn eru ánægðir með stjórnun leikskólans, sögðu starfsanda og skólabrag góðan og andrúmsloft jákvætt. Metnaður er í starfsmannahópnum til að vinna vel og skapa fjölbreyttar námsaðstæður fyrir börnin.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Skiplag húsnæðis er gott, útileiksvæði leikskólans rúmgott og námsumhverfi barna er hvetjandi og fjölbreytt. Frjálsum leik úti og inni er gefin góður tími og leikefni höfðar til allra aldurshópa. Unnið er með öll námssvið aðalnámskrár og áherslur leikskólans speglast í starfi með börnunum. Áhersla er á leikinn, læsi, hreyfingu, hollustu og jákvæð samskipti. Fjölbreytt úrval kubba er til í leikskólanum og byggingaleikir fá gott rými. Aðstæður til hlutverkaleikja eru góðar en auka mætti aðgengi barna að efniviði til listsköpunar. Bókakostur er góður, ritmál sýnilegt en hljóðfæri ekki sýnileg á deildum. Leikskólinn er Heilsuleikskóli og áherslur hans eru vel sýnilegar. Útinámi er gert hátt undir höfði og farið reglulega í vettvangsferðir þar sem hugmyndir barna og áhugi ráða ferðinni. Reglulegar skráningar fara fram á mati á námi og velferð barna og er stuðst við Heilsubók barnsins. Andrúmsloft einkennist af jákvæðni, áhuga og virðingu fyrir börnunum. Börnin eru glöð og áhugasöm og líður vel í leikskólanum. Auka mætti þátttöku barna í mati á eigin námi, þátttöku og ákvarðanatöku á skipulagi leikskólastarfsins. Aðgengi barna að listasmíðju mætti bæta og gera viðfangsefni tengd rannsóknnum og vísindum aðgengilegri.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur þátt í viðburðum hans. Sömu foreldrar sitja í foreldrafélagi og foreldraráði sem er ekki virkt og því nauðsynlegt að ráða bót á því. Leggja þarf áherslu á að foreldraráð fundi reglulega, geri fundargerðir og sjái til þess að þær ásamt starfsáætlun og vinnureglum verði aðgengilegar á heimasíðu. Upplýsingaflæði frá leikskólanum til foreldra er gott og foreldrar fá afhent viðburðardagatal fyrir hvern mánuð. Við upphaf leikskólagöngu fá foreldrar afhenta handbók með upplýsingum um stefnu leikskólans og aðlögun barns. Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og sögðust ánægðir með leikskólastjóra og starfsmenn. Skipulagt samstarf er milli leikskólans og grunnskólans og nefnist samstarfið *Brúum bilið*.

Skóli án aðgreiningar

Leikskólinn nýtur góðs stuðnings skóla- og sérkennslufulltrúa á skóla- og tómsundasviði Ísafjarðarbæjar. Stuðningur og ráðgjöf snýr bæði að almennu uppeldisstarfi leikskólans, ráðgjöf vegna sérkennslu og stuðnings og aðstoð við skimanir, úrlestur úr þeim og skil til foreldra. Þegar grunur vaknar um frávík hjá börnum þekkja starfsmenn hvernig á að bregðast við. Æskilegt er að verklag um frávík sé til skriflegt. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem njóta stuðnings og eru foreldrar þátttakendur.

Innra mat

Innra mat var ekki unnið í leikskólanum á síðasta ári. Í skólanámskrá er fjallað um matsaðferðir sem leikskólinn styðst við. Í starfsáætlun er tilgreint hvaða matstæki var áætlað að nota á skólaárinu 2017-2018, engar upplýsingar eru um niðurstöður í starfsáætlun. Engar foreldra- eða starfsmannakannanir fóru fram á árinu. Mat á innra starfi og starfsháttum fer fram í umræðumati á skipulagsdögum, ekki er um formlegt mat að ræða. Samkvæmt upplýsingum leikskólastjóra hefur verið ákveðið hvaða matstæki á að nota við innra mat og er skipulag og undirbúningur á byrjunarstigi. Matsteymi hefur ekki verið skipað. Matsáætlun til lengri eða skemmri tíma er ekki til þar sem fram kemur hvaða þætti á að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum leikskólans, hvernig eigi að meta þau, hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hverjir bera ábyrgð á matinu. Sjá þarf til þess að allir hagsmunaðilar komi að skipulagningu matsins, sjálfu matinu og umbótum. Gera þarf skriflega grein fyrir niðurstöðum, styrkleikum og tækifærum til umbóta. Gera þarf umbótaáætlun þar sem gerð er grein fyrir hvenær umbætur fara fram og tilgreina hverjir beri ábyrgð á að framfylgja þeim. Niðurstöður skal birta á heimasíðu leikskólans.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Laufás. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Sigrúnu Einarsdóttur og Kolbrúnu Vigfúsdóttur og fór fram á vettvangi 27. og 28. mars 2019. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, skólaþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 17. mars á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn dvöldu tvo daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir í leikskólanum. Einstaklingsviðtöl voru tekin við deildarstjóra og tvo starfsmenn. Rýniviðtöl voru tekin við foreldra og börn. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra og skóla- og sérkennslufulltrúa Skóla og tólmstundasviðs Ísafjarðarbæjar.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.³ Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar.

1 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

2 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

3 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leikskólinn Laufás á Þingeyri er byggður sem tveggja deilda leikskóli og var formlega opnaður í nóvember 1988. Í dag er leikskólinn rekinn sem ein deild og er barnahópnum skipt í þrjú minni hópa. Á Laufási eru 13 börn, þrjár stúlkur og 10 drengir. Ekkert barn er með skilgreinda sérkennslu. Þrjú börn eru með annað móðurmál en íslensku. Opnunartími leikskólans er frá kl. 8:00-16:00.

Leik- og grunnskóli Þingeyrar voru sameinaðir í október 2017 og hefur skólastjórinn starfað frá upphafi sameiningar eða í tvö og hálf ár. Starfsáætlun er unnin fyrir hvert leikskólaár en var ekki birt á heimasíðu leikskólans skólaárið 2018-2019. Leikskólinn fékk mótuneytiseldhús árið 2006 og sér um mótuneytisþjónustu fyrir bæði leik- og grunnskóladeild skólans. Dægradvöl við grunnskóladeildina er starfrækt í húsnæði leikskóladeildar og er ætluð nemendum í 1. og 2. bekk. Leik- og grunnskóladeild gera með sér samning á hverjum vetri um liðveislu starfsmanna.⁴

Starfsmenn

Við leikskólann starfa sex starfsmenn í 4,77% stöðugildum, allt konur. Þrír þeirra koma að starfi með börnunum auk leikskólastjóra og tveir starfa í mótuneyti. Leikskólastjórinn er yfirmaður sameinaðs leik- og grunnskóla í 100% starfshlutfalli. Auk hans starfa við leikskólann einn ófaglærður starfsmaður og tveir leikskólaliðar og annar þeirra gegnir starfi deildarstjóra.

Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara. Í samtali við leikskólastjóra og skóla- og sérkennslufulltrúa kom fram að hjá Ísafjarðarbæ er stöðugt leitað leiða til að fá fleiri leikskólakennara og annað fagmenntað fólk til starfa við leikskólann.⁵ Samkvæmt upplýsingum deildarstjóra veitir Ísafjarðarbær styrk til þeirra starfsmanna sem sækja leikskólakennaranám.⁶ Í mótuneyti sem þjónar báðum skólastigunum starfa tveir starfsmenn í 0,8% stöðugildum.

Stöðugleiki hefur verið í starfsmannahópnum, einn starfsmaður hóf störf síðastliðið haust, aðrir hafa starfað lengur.

Húsnæði

Húsnæði leikskólans er rúmgott, vel nýtt og bíður upp á tækifæri til fjölbreyttra viðfangsefna. Lýsing og hljóðvist er góð. Það uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Á Laufási eru tvær leikskóladeildir og hefur hvor deild til umráða eina stóra leikstofu, eitt minna leik- og hvíldarherbergi, salerni og fataklefi með þurrskáp. Börn og starfsfólk borða saman í annarri heimastofunni en hún er ætluð yngri börnunum í leik. Sú heimastofa er einnig notuð utan matmálstíma fyrir borðvinnu og skapandi starf. Gott rými er til bygginga- og hreyfileikja í hinni leikstofunni sem er að jafnaði ætluð eldri börnunum. Sameiginlegt rými er á milli deilda sem er nýtt fyrir skapandi starf og hlutverkaleiki. Börnin hafa jafnan aðgang að öllum leikstofunum í frjálsum leik.

Inn af fataklefa eldri hópsins er stórt og rúmott eldhús og matvælageymsla. Úr fataklefa eldri hópsins er gengið út á útileiksvæðið sunnan megin við leikskólann. Aðalinngangurinn er norðan megin, þaðan er gengið inn í fataklefa beggja deilda. Inn af fataklefa yngri barnanna er starfsmannaðstaða; skrifstofa leikskólastjóra, hreinlætisaðstaða, geymsla og rúmgóð kaffistofa starfsmanna sem einnig er undirbúningsherbergi, viðtalsherbergi og fundaraðstaða. Þurrkaðstaða er á báðum deildum.

4 Starfsáætlun 2018-2019.

5 Viðtal við leikskólastjóra og skóla- og sérkennslufulltrúa.

6 Viðtal við deildarstjóra.

Útileiksvæði

Útileiksvæði barnanna er stórt og býður upp á fjölbreytta möguleika til hreyfileikja. Leiksvæðið skiptist í tvö svæði, minna svæðið er sunnan megin við leikskólann og stærra svæðið er vestan megin. Millingengt er á milli leiksvæða. Á minna svæðinu, næst útgangi út á leiksvæðið er slétt flöt og stór sandkassi, það svæði hentar yngri börnunum vel. Svæðið vestan við leikskólann er stærra og með fjölbreyttum leiktækjum. Þetta fyrirkomulag býður upp á fjölbreytni og þann möguleika að börnin geta leikið sér skjólmegin við húsið þegar vindar blása. Á 20 ára afmæli leikskólans, árið 2007 var leikskólalóðin endurnýjuð að sögn leikskólastjóra.⁷ Á svæðinu utan leikskólans er ósnert náttúra með ýmsum möguleikum til vettvangsferða og útináms.

Hugmyndafræði og áherslur

Einkunnarorð Laufáss eru *Það er leikur að læra*. Með því er lögð áhersla á að bernskan sé ævintýri sem skemmtilegt er að taka þátt í. Lögð er áhersla á leikinn og litið á hann sem námsleið barnsins og er honum ætlaður góður tími í umhverfi sem hvetur börnin til sjálfnáms.⁸ Í skólanámskrá er gerð ítarleg grein fyrir leiðarljósi, áherslum og markmiðum í starfi.⁹ Leikskólastjóri nefnir einnig áherslu á átaksverkefni Ísafjarðarbæjar í læsi og stærðfræði en einkunnarorð sveitarfélagsins eru *Stillum saman strengi*. Hún segir að allir þessir þættir séu fléttaðir inn í daglegt starf leikskólans.¹⁰

Leikskólinn var formlega gerður að Heilsuleikskóla árið 2008. Að sögn deildarstjóra er hann í dag einn af þáttökuskólum í verkefninu *Heilsueflandi leikskólar* sem er í samstarfi við Embætti landlæknis. Lögð er áhersla á hollt mataræði, sköpun, góð samskipti, hreyfingu og útiveru. Leikskólinn vinnur markvisst með útinám allt árið eins og kemur það fram í starfsáætlun. Allir hópar fara út einu sinni í viku og í hverri ferð er unnið að ákveðnum markmiðum. Við stefnumótun og framkvæmd útinámsins er stuðst við bókina *Allir út í náttúruna*.¹¹ Leitað er eftir hugmyndum og áhuga barnanna þegar ferðir eru skipulagðar að sögn starfsmanns sem leiðir starfið.

Í viðtölum kemur fram að deildarstjóri og starfsmenn eru sammála um að lögð sé áhersla á að taka vel á móti börnum og foreldrum og dagleg samskipti einkennist af væntumþykju og gleði. Áhersla er á hópastarf þar sem er unnið með hin ýmsu þemu í lengri eða skemmri tíma og tengjast þau oft nærumhverfi barnsins og námssviðum aðalnámskrár. Á vettvangi mátti sjá töflu sem sýnir áherslur í þemavinnu í hópastarfi, markmið og tilgang hvers verkefnis. Lögð er áhersla á að hlusta á börnin og koma til móts við hugmyndir þeirra ef annað vekur áhuga en það sem starfsmenn hafa ákveðið. Markvisst er unnið með læsi samkvæmt áherslu Ísafjarðarbæjar um læsi og að sögn deildarstjóra er hún ánægð með verkefnið og árangur.¹²

Við endurskoðun skólanámskrár má gera betri grein fyrir áherslum Ísafjarðarbæjar á læsi og útinámi Laufáss, markmiðum og leiðum. Fram kom í viðtölum við starfsmenn að þeir þekkja stefnu og áherslur leikskólans vel en komu ekki að mótun stefnunnar þar sem flestir höfðu ekki hafið störf þegar hún var mótuð. Að sögn starfsmanna er starfið í stöðugri þróun með því að leggja áherslu á að þróa áfram og byggja ofan á það sem fyrir er.¹³ Fram kom hjá foreldrum að þeir þekki stefnuna að einhverju leyti og sögðust verða varir við hana í daglegu starfi. Foreldrar komu ekki að mótun stefnunnar.¹⁴ Á vettvangi sáu matsmenn gildi og áherslur leikskólans endurspeglast í starfi en upplýsingar mættu vera sýnilegri í umhverfinu.

Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans er rúmgott og vel nýtt fyrir öll börn.
- Ísafjarðarbær veitir starfsmönnum leikskólans styrk til að sækja leikskólaliða- og leikskólakennaranám.
- Lögð er áhersla á leikinn sem náms- og þroskaleið barna.

7 Viðtal við leikskólastjóra.

8 Starfsáætlun Laufáss 2018-2019

9 Skólanámskrá Laufáss 2017.

10 Viðtal við leikskólastjóra.

11 Starfsáætlun Laufáss 2018-2019.

12 Viðtal við deildarstjóra.

13 Viðtöl við deildarstjóra og starfsmenn.

14 Rýnihópur foreldra.

- Stefna leikskólans kemur fram í skólanámskrá og starfsmenn þekkja hana.
- Starfsmenn hafa sameinast um áherslur og gildi Heilsuleikskólans.
- Lögð er áhersla á markvisst útinám barna.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Gera þarf nánari grein fyrir áherslum og markmiðum leikskólans um læsi og útinám í skólanámskrá.
- Kynna stefnu leikskólans og áherslur betur fyrir foreldrum og gera sýnileg í umhverfi leikskólans.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðilar leikskólans er Ísafjarðarbær. Á vegum sveitarfélagsins starfar fræðslunefnd skipuð fimm fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af sveitarstjórn. Nefndin fer með hlutverk leikskólanefndar, hefur umsjón með framkvæmd laga um leikskóla, eftirlit með starfsemi þeirra og vinnur að samræmingu leikskólastarfs í sveitarfélaginu. Fræðslunefnd er ráðgjafi bæjarstjórnar í öllu er varðar leik- og grunnskóla Ísafjarðarbæjar. Forstöðumaður skóla- og tómstundasviðs er starfsmaður nefndarinnar og er næsti yfirmaður leikskólastjóra.¹⁵ Á skólaskrifstofu Ísafjarðarbæjar starfar skóla- og sérkennslufulltrúi sem sinnir leik- og grunnskólum bæjarfélagsins. Hann heimsækir leikskólann einu sinni í mánuði og oftar ef þarf. Auk þess sem hann fundar reglulega með leikskólastjórum á svæðinu.

Sálfræðingur og talmeinafræðingur vinna sem verktakar hjá skólaskrifstofu. Skóla- og sérkennslufulltrúi tekur við erindum frá leikskólunum og vísar áfram til sérfæðinga hverju sinni.¹⁶

Skólastefna Ísafjarðarbæjar liggur fyrir og eru kjörorð stefnunnar *virðing, ábyrgð, metnaður og gleði*. Í stefnunni er fjallað nánar um fyrir hvað hún stendur. Helstu áherslur eru, nám og kennsla, umhverfi og skipulag, hollusta og hreyfing, samstarf og samvinna, fagmennska og fagþróun.¹⁷ Skólastefna leik- og grunnskóla Ísafjarðarbæjar endurspeglar hugmyndfræði og áherslum leikskólans Laufás. Ísafjarðarbær hefur sett sér eineltisáætlun, jafnréttis- og forvarnarstefnu og umhverfis- og starfsmannastefnu.¹⁸ Eineltis- og áfallaáætlun fyrir leikskólann er í starfsáætlun. Rýmingaráætlun er til og er sýnileg í leikskólanum. Einkunnarorð/áherslur og gildi leikskólans voru ekki sýnileg í leikskólanum. Ekki er til skipurit fyrir leikskólann með upplýsingum um hlutverk, verkaskiptingu og ábyrgðarsvið stjórnenda og starfsmanna.

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá Laufás var síðast endurskoðuð árið 2015-2016 að sögn leikskólastjóra og deildarstjóra og til stendur að endurskoða hana á næstunni.¹⁹ Námskráin uppfyllir að mestu leyti þau viðmið sem sett eru fram í aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Námskráin er ítarleg, þar er námssviðum aðalnámskrár leikskóla gerð góð skil ásamt leiðum til samþættingar námsviða við grunnþætti menntunar. Í námskránni er einnig fjallað um markmið og áherslur Heilsuleikskólans. Skólanámskrá er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.²⁰ Starfsmenn, foreldrar og börn komu ekki að gerð skólanámskrár.²¹

Starfsáætlun er til fyrir árið 2018-2019 og er að hluta til í samræmi við það sem gert er ráð fyrir í aðalnámskrá leikskóla. Ekkert kemur fram um innra mat í leikskólanum, hvað var metið, niðurstöður mats og matsáætlun. Starfsáætlun var unnin af leikskólastjóra og deildarstjóra og einn starfsmaður las yfir og kom með ábendingar, aðrir höfðu ekki aðkomu að starfsáætlun. Starfsáætlun er uppfærð árlega og lögð fyrir skóla- og tómstundasvið til umsagnar. Starfsáætlun er ekki aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

Í starfsmannahandbók Ísafjarðarbæjar kemur fram að hver vinnustaður skuli útbúa sína eigin starfsmannahandbók með nauðsynlegum upplýsingum fyrir starfsfólk.²² Leikskólinn hefur ekki eigin starfsmannahandbók en hefur sett sér starfsmannastefnu sem kallast *Starfsmannasáttmáli*. Sáttmálinn var endurskoðaður á þessu ári og framvegis á hverju ári að sögn leikskólastjóra og eru einkunnarorð hans Gleði, Virðing, Samstaða. Markmið sáttmálans eru, hvatning, gagnkvæm virðing, góður mórall, gleði, samheldni, menntun og stuðningur. Starfsmenn undirrita sáttmálann.²³

Skriflegar verklagsreglur um viðbrögð við slysum liggja fyrir. Slysu eru skráð í þar til gerða möppu að sögn leikskólastjóra. Áfallateymi og skrifleg áfallaáætlun er í leikskólanum og gott samstarf er við mannauðsstjóra á Ísafirði þegar á reynir.²⁴ Ísafjarðarbær er með jafnréttisáætlun fyrir alla leik- og

15 Heimasíða Ísafjarðarbæjar.

16 Viðtal við skóla- og sérkennslufulltrúa.

17 Skólastefna Ísafjarðarbæjar.

18 Starfsáætlun Laufás 2018-2019.

19 Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra.

20 Skólanámskrá Laufás 2017.

21 Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur foreldra.

22 Heimasíða Ísafjarðarbæjar.

23 Viðtal við leikskólastjóra.

24 Viðtal við deildarstjóra.

grunnskóla bæjarfélagsins.²⁵ Á heimasíðu leikskólans er vísað á hlekk þar sem helstu áætlanir og teymi Ísafjarðarbæjar og leikskólans er að finna. Áætlun um upphaf leikskólagöngu er til og afhent foreldrum.²⁶

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnun leikskólans er í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 um viðurkennda starfshætti. Leikskólastjóri er skólastjóri yfir sameinuðum leik- og grunnskóla og hefur stýrt skólanum frá sameiningu skólastiganna árið 2017. Verkaskipting er skýr að sögn skólastjóra og deildarstjóra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á rekstri leikskólans og samskiptum við yfirstjórn sveitarfélagsins, umsjón með endurmenntun starfsmanna, starfsmannahaldi og launamálum. Deildarstjóri ber ábyrgð á faglegu starfi leikskólans. Ekki eru formlegir fundir með deildarstjóra eða öðrum starfsmönnum leikskólans fyrir utan starfsdaga en hluti af þeim eru nýttir til deildarfunda.²⁷

Áætlun um starfsdaga er í skóladagatali leikskólans og eru þeir fimm á ári. Á starfsdögum eru umræður meðal annars um skipulag, innra starf og umræðumat. Einn starfsdagur er sameiginlegur með öðrum leikskólum hjá Ísafjarðarbæ og er hann nýttur sem fræðslu- og námskeiðsdagur. Dagskrá funda er send starfsmönnum með fyrirvara, fundargerðir eru ekki skráðar.

Dagleg samskipti við foreldra eru í höndum deildarstjóra og annarra starfsmanna leikskólans. Starfsmenn eiga góð samskipti við leikskólastjóra og aðgengi að honum er gott. Að sögn starfsmanna berast allar upplýsingar greiðlega frá leikskólastjóra. Að sögn starfsmanna berast upplýsingar greiðlega þeirra á milli en eru ekki skráðar í bók eða á töflu inni á deildum.²⁸

Við ráðningu nýrra starfsmanna er farið gegnum ráðningarferli Ísafjarðarbæjar og hluti af því ferli er að nýir starfsmenn undirrita skjal um trúnað- og þagnarskyldu og aflað er upplýsinga úr sakavottorði áður en ráðning fer fram. Gott samstarf er við mannauðsstjóra á Ísafirði sem fer yfir allar ráðningar og aðstoðar ef með þarf.²⁹ Að sögn starfsmanna eru þeir áhugasamir um að sækja sér símenntun og eru hvattir til þess af leikskólastjóra. Fram kom hjá starfsmönnum að fræðslutilboðin mættu vera fjölbreyttari, námskeið sem nýttust betur í starfi. Leikskólastjóri tekur starfsþróunarsamtöl árlega. Viðtölin eru skráð en áætlun um símenntun liggur ekki fyrir í starfsáætlun.³⁰ Að sögn leikskólastjóra eru allar persónulegar upplýsingar um börnin varðveittar í læstum skáp. Á Laufási fá allir starfsmenn undirbúningstíma og tekst oftast að framfylgja þeim, nema helst í manneklu.³¹

Fagleg forysta

Að sögn leikskólastjóra reynir hún að hafa fasta viðveru í leikskólanum sem er á miðvikudögum fyrir hádegi og föstudögum eftir hádegi og leggur þá áherslu á að vera inni á deildum. Sjá mátti á vettvangi að börnin þekkja hana vel. Hún sagðist vera rólegur stjórnandi, hugmyndarík og opin og hafi áhuga á að innleiða spjaldtölvur í leikskólastarfið og bjóða starfsmönnum upp á fræðslu í núvitund. Hún leggur áherslu á að hvetja starfsmenn til þess að auka við þekkingu sína og er viljug til að verða við óskum þeirra. Starfsmenn eru sammála um að hún bregðist vel við óskum þeirra og sögðu hana hvetja þá í starfi og til að sækja sér símenntun. Að sögn leikskólastjóra fer endurgjöf helst fram í starfsþróunarsamtölum. Leikskólastjóri skipuleggur og samhæfir störf starfsmanna en segir deildarstjóra einstaka sinnum koma að því.³² Hún segist mega vera duglegri að hrósa starfsmönnum, að þeirra sögn er hún dugleg að hrósa. Starfsmenn sögðust hrósa hver öðrum og sögðust einnig fá hrós frá foreldrum.

Starfsandi og starfsánægja

Starfsmenn sögðu að starfsandi á Laufási og skólabragur væri góður og andrúmsloft jákvætt. Þeir eru stoltir af starfi sínu, hafa trú á gæðum þess og segjast vera samtaka um hugmyndafræðilegar áherslur í námi barna. Vinnubrögð eru lýðræðisleg og vel er tekið í hugmyndir allra. Starfsmenn töldu að hæfni

25 Heimasíða Laufáss.

26 Starfsáætlun Laufáss 2018-2019.

27 Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra.

28 Viðtöl við starfsmenn.

29 Viðtal við leikskólastjóra.

30 Starfsáætlun Laufáss 2018-2019.

31 Viðtal við deildarstjóra.

32 Viðtal við leikskólastjóra.

þeirra nýttist vel og störf þeirra væru metin. Þeir sögðust vera ólíkir einstaklingar en leggi sig fram um að vinna vel saman, tekið sé er tillit til ólíkra hugmynda og öll sjónarmið rædd. Starfsmenn sögðust leggja áherslu á gott samstarf og reyna að viðhalda góðum starfsanda með því meðal annars að hittast utan vinnutíma og gera eitthvað skemmtilegt saman.

Haustið 2018 sóttu allir starfsmenn leikskólans fræðslufund um Heilsuleikskóla sem haldinn var á Akureyri. Þar hittu þeir aðra starfsmenn Heilsuleikskóla frá öllu landinu. Starfsmenn leikskólans voru mjög ánægðir með þann dag, sögðu hann hafa verið mjög fróðlegan og gott að hitta aðra sem vinna eftir sömu stefnu.

Fylgst er með þroska og framförum hvers barns með skráningum í Heilsubókina. Ef grunur vaknar um frávik er haft samband við skóla- og sérkennsluráðgjafa á Ísafirði sem er í reglulegum samskiptum við leikskólann. Starfsmenn geta einnig leitað faglegrar ráðgjafar hjá skóla- og sérkennsluráðgjafa sem þeir sögðust nýtast sér.³³ Metnaður starfsmanna einkennir starfið og á vettvangi mátti sjá það í fjölbreyttum viðfangsefnum, frumkvæði, áhuga og starfsháttum starfsmanna.

Viðhorf starfsmanna til foreldra er jákvætt og litið er á þá sem samstarfsaðila. Að sögn deildarstjóra eru foreldrar alltaf velkomnir í leikskólann og segir hún þá hafa samband ef þeir hafi áhyggjur af barni sínu, „það er alltaf tími fyrir þau“.³⁴ Leikskólastjóri tekur undir það og segir að foreldrar séu ánægðir með leikskólann.³⁵

Styrkleikar

- Áherslur í skólastefnu Ísafjarðarbæjar endurspeglast í starfi leikskólans.
- Markmið og áherslur Heilsuleikskólans eru sýnileg í starfinu.
- Starfsmenn geta leitað til skóla- og sérkennslufulltrúa á skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar um faglega ráðgjöf.
- Áætlun um upphaf leikskólagöngu er afhent foreldrum.
- Starfsþróunarsamtöl eru tekin árlega.
- Góð samskipti eru milli starfsmanna og leikskólastjóra, upplýsingar skila sér vel og aðgengi að leikskólastjóra er gott.
- Starfsmenn eru áhugasamir að sækja sér símenntun og eru hvattir til þess af leikskólastjóra.
- Starfsandi og skólabragur er góður og andrúmsloft jákvætt.
- Góð samvinna og lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf starfsmanna.
- Starfsmenn telja hæfni sitt nýtast vel og að störf þeirra séu metin.
- Starfsmenn eru samtaka varðandi áherslur í uppeldisstarfinu.

Tækifæri til umbóta

- Í skólanámskrá þarf að gera grein fyrir hvernig markmið leikskólans eru metin og skilgreina viðmið sem eru um þann árangur sem stefnt er að.
- Gera ætti einkunnarorð/áherslur sýnilegar í leikskólanum.
- Æskilegt er að unnin verði starfsmannahandbók með nauðsynlegum upplýsingum fyrir starfsfólk.
- Skrá þarf fundargerðir og gera aðgengilegar fyrir starfsmenn.
- Gera þarf símenntunaráætlun fyrir starfsmenn sem birt er í starfsáætlun.

33 Viðtöl við starfsmenn.

34 Viðtal við deildarstjóra.

35 Viðtal við leikskólastjóra

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Skipulag húsnæðis og aðstaða í Laufási gerir ráð fyrir fjölbreyttum tækifærum barna til leikja og náms. Leikstofur eru rúmgóðar og gott rými til gólfleikja. Í annarri leikstofunni eru borð og stólar þar sem börn og starfsmenn matast saman og er leikstofan einnig nýtt fyrir borðleiki. Í hinni leikstofunni er gert ráð fyrir hreyfi- og byggingarleikjum. Leik- og námsefni er fjölbreytt og höfðar til allra aldurshópa. Mikið ber á kubbum af ýmsum gerðum. Holu- og einingarkubbar eru vel nýttir og sáu matsmenn hvernig kubbabyggingum er leyft að standa frá degi til dags. Nægur efniviður er til hlutverkaleikja og fær hann gott rými. Námsumhverfi barna er á allan hátt áhugavert og hvetjandi og styður við samskipti og samstarf barna og fullorðinna. Á vettvangi mátti sjá að frjálsum leik er gefinn góður tími og börnum gefið svigrúm til að fara á milli svæða. Aðgengi barna að leikefni er að mestu leyti gott og ritmál og myndefni í hæð þeirra.

Samkvæmt dagskipulagi eru eldri börnin daglega í hópastarfi en yngri börnin einu sinni í viku. Áherslur í starfi með eldri börnum er útinám, hreyfing, læsi og byggingaleikir. Hjá yngri börnunum er áherslan á frjálsum leik þar sem þau fá tækifæri til að fara á milli svæða og skipta um viðfangsefni. Samveru- og söngstundir eru í dagskipulagi á hverjum degi. Öll leiksvæði eru vel nýtt og góð aðstaða er til að skipta barnahópnum í minni hópa. Náms- og kennslugögn eru aðgengileg starfsmönnum.

Dagskipulag er sýnilegt og endurmetið reglulega í þeim tilgangi að mæta þörfum barnahópsins hverju sinni.³⁶ Dagskipulag er einnig myndrænt og í hæð barna. Umræða hefur verið meðal starfsmanna um einstaka þætti í dagskipulagi, hvort það mætti endurmeta á þeim forsendum að frjáls leikur og útivera fái lengri og samfelldari tíma og hvort æskilegt sé að vera með skipulagt hópastarf á hverjum degi með eldri hópnum.³⁷

Umhverfi leikskólans býður upp fjölbreytta námsmöguleika. Lóð leikskólans er stór og aðstaða góð fyrir alla aldurshópa. Miklir möguleikar eru til hreyfileikja og leiktæki eru fjölbreytt, svo sem rólur, rennibraut, skip og fleira. Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir yngri börnin, slétt flöt og sandkassi er næst útgöngu út á lóðina. Í vettvangsathugun mátti sjá elstu börnin njóta útileikja í snjónum. Umhverfi utan lóðar er einnig nýtt til vettvangsferða og náttúruskoðunar. Útinám er með markvissum hætt auk þess sem öll börn fara einu sinni í viku í íþróttahúsið.

Starfshættir

Eins og áður hefur komið fram ber deildarstjóri ábyrgð á að skipuleggja uppeldis- og menntastarf leikskólans. Námsáætlun fyrir skólaárið er unnin að hausti af deildarstjóra og starfsmönnum. Starfsmenn sögðust leita leiðsagnar og ráðgjafar hjá skóla- og sérkennsluráðgjafa þegar hún kemur í leikskólann eða hún veitir ráðgjöf í gegn um síma.³⁸

Á meðan á vettvangsheimsókn stóð voru viðfangsefni barna fjölbreytt. Frjáls leikur var ríkjandi fyrir og eftir hádegi og börnin höfðu val um viðfangsefni. Yngri börnin höfðu aðgang að leikstofu fyrir hlutverkaleiki, einnig að leik- og borðstofu og innra herbergi sömu deildar. Þau fóru frjáls á milli svæða, nutu sín í leik að viðfangsefnum sem voru við þeirra hæfi. Eldri börnin voru í frjálsum leik þar sem í vali voru einingakubbar, dubló- og lego kubbar. Fyrir hádegi fóru nokkur börn í útinám í snjókomu og vindi og nutu sín vel. Eftir hvíld og framhaldssögu eldri barna var unnið með söng og hreyfingu er tengist vináttuverkefni Barnaheilla og nefnist *Vináttu*.³⁹ Í framhaldi af því verkefni voru fjörugir hreyfileikir í leikstofunni með bolta og kaðla.

Sjá mátti áherslur leikskólans endurspeglast í starfi með börnunum. Áherslur Heilsustefnunnar voru einnig mjög sýnilegar á vettvangi, s.s. í hreyfileikjum, útiveru og samskiptum. Samskipti starfsmanna við börnin voru jákvæð og hvetjandi og umhyggja einkenndi þau. Starfsmenn voru að hluta til

36 Viðtal við leikskólastjóra.

37 Viðtöl við starfsmenn.

38 Viðtöl við deildarstjóra og starfsmenn.

39 Barnaheill.is.

Þátttakendur í leik barnanna og mátti sjá þá sitja með þeim, þeir sýndu verkefnum barnanna áhuga, leiðbeindu þeim og studdu.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í skólanámskrá er fjallað um lýðræði án þess að gerð sé grein fyrir þátttöku og ákvarðanatöku barna í daglegu starfi.⁴⁰ Í viðtali við starfsmenn bar þeim saman um að þátttaka barna í daglegur starfi væri nokkur. Börnin ákveða hvað er gert í útinámi og hvert þau vilja fara hverju sinni. Í vettvangsferðum er reynt að fylgja áhuga barnanna, stoppa við þegar eitthvað fangar athygli þeirra, hlusta og ræða við börnin um viðfangsefnið.

Matsmenn urðu vitni að því hvernig börnin fengu að velja sér viðfangsefni í frjálssa leiknum. Samkvæmt upplýsingum starfsmanna koma börnin ekki að skipulagi hópstarfsins en þegar áhugi þeirra beinist að öðru en fyrir fram ákveðnum verkefnum reyna starfsmenn að hlusta á vilja þeirra. Í samtali við starfsmenn kom fram að skoða mætti möguleika á að gefa börnunum oftari val um viðfangsefni.⁴¹ Í matmálstímum, samveru- og sögustundum er spjallað saman og börnin hafa tækifæri til að segja frá.

Börnin sýndu frumkvæði í fataklefa við að klæða sig sjálf í snjógallann og stóðu sig vel en auka mætti sjálfshjálpi þeirra í matmálstímum. Á meðan matið fór fram voru börnin ekki þátttakendur við undirbúning matmálstíma, t.d. að leggja á borð og sækja vagninn en að sögn leikskólastjóra sækja börnin alltaf vagninn og æskilegt væri að skoða að taka upp þjón dagsins.⁴² Eldri börnin ganga frá diskum sínum eftir matinn. Í rýnihóp barna segjast þau ekki taka þátt í að útbúa matseðil en ef þau fengu að ráða myndu þau velja pítsu. Agastefna samin af starfsmönnum er sýnileg á deild og einnig samskiptareglur er varðar hópstarf. Agastefnan er sett fram á jákvæðan hátt og þar er lögð áhersla á fáar en skýrar reglur og hlutverk kennara. Að sögn deildarstjóra voru unnar umgengnisreglur með börnunum fyrir nokkru en þær eru ekki lengur uppi við. Hún segir börnin þekkja reglurnar og þau eru minnt á að fara eftir þeim.⁴³ Þegar börnin voru spurð sögðu þau, „bannað að slá, meiða og vera með byssur“. Í rýnihóp nefna þau það sem þeim finnst skemmtilegast en það er að vera úti, leika, lita, perla og byggja úr kubbum.⁴⁴

Námssvið

Í dagskipulagi og á vettvangi mátti sjá að námssvið leikskólans eru samþætt daglegu starfi. Í máli leikskólastjóra kom fram að hann vill leggja áherslu á þá þætti sem Heilsuleikskólinn byggir á, nám í gegnum leik, hreyfingu og sköpun. Leikskólastjóri nefndi einnig átaksverkefni Ísafjarðarbæjar *Stillum saman strengi* sem er um læsi í víðum skilningi, sem á að búa nemendur undir lestrarnám síðar meir og fléttast inn í allt starf leikskólans.⁴⁵ Námsumhverfið styður við máltöku og málþroska barna og sjá mátti á vettvangi námsgögn og áherslur er tengjast byrjendalæsi. Meðal verkefna er *Lubbi finnur mál-bein* sem er íslenskt námsefni ætlað til málörvunar og íslenskukennslu barna.⁴⁶ Ritmál og tölustafir eru sýnilegir víða og í hæð barnanna. Þá er unnið með sögur og frásagnir, þulur, vísur og söguspil, söng og lestur. Í hópstarfi er unnið með frásagnir og börnin endursegja sögurnar og búa til sínar eigin sögur. Þær eru skráðar og hengdar upp á vegg.⁴⁷ Bókakostur er góður og er að hluta til aðgengilegur og í hæð eldri barnanna.

Megináhersla Heilsuleikskóla Laufáss er á heilbrigði og vellíðan. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir markmiðum og leiðum er tengjast áherslum Heilsuleikskólans.⁴⁸ Sýn starfsmanna er skýr og þeir nefna allir mikilvægi þess að vinna eftir stefnunni. Lögð er áhersla á holla næringu til dæmis með því að vinna matinn frá grunni, hreyfingu í frjálsum leik inni, úti á leikvelli og í útinámi í öllum veðrum. Útivera er að jafnaði tvisvar á dag. Í rýnihóp barna kom fram að þeim finnst gaman úti og að þau vilji meiri snjó. Aðstaða inni er góð og nægt rými til hreyfileikja sem var vel nýtt þá daga sem vettvangsathugun stóð

40 Skólanámskrá Laufáss 2017.

41 Viðtöl við starfsmenn.

42 Viðtöl við leikskólastjóra.

43 Viðtöl við deildarstjóra.

44 Rýnihópur barna.

45 Viðtöl við leikskólastjóra.

46 www.lubbi.is.

47 Viðtöl við deildarstjóra.

48 Starfsáætlun Laufáss 2018-2019.

yfir. Ýmis leiktæki eru til að auðga hreyfileiki barna. Kaðlar hanga í lofti, stórir boltar, trambolín og fleiri leiktæki eru einnig í leikherberginu. Auk þess fara starfsmenn með öll börn einu sinni í viku í íþróttahúsið. Starfsmenn skipuleggja tímana þar sem skiptast á frjálssir og skipulagðir leikir.

Í skólanámskrá er lögð áhersla á að börnin fái gott tækifæri til að kynna náttúrunni og umhverfinu á fjölbreyttan hátt. Einnig að leikskólakennurum beri að ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barnanna. Enn fremur að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börnin við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu.⁴⁹ Á Laufási fá börnin tækifæri til þess að kanna nánasta umhverfi sitt á þann hátt er skólanámskrá segir til um. Náttúran er hluti af daglegu lífi barnanna á Þingeyri og stutt er í ósnerta náttúru. Þau fara reglulega í ferðir til að kynna nánasta umhverfi sínu og eru hvött til og rannsaka það. Börnin segja að það sé skemmtilegt að fara út og gaman að fara í skóginn og í fjöruna.⁵⁰ Í viðtölum við starfsmenn segjast þeir vera stoltir af útináminu og hrósa starfsmanni sem er verkefnastjóri fyrir frumkvæðið.⁵¹ Flokkun og endurvinnsla í leikskólanum er í höndum starfsmanna. Börnin eru þátttakendur að því leyti að þegar þau ganga frá matardiskum og flokka matarafganga ef einhverjir eru.

Á vettvangi mátti sjá að unnið er með vísindi í frjálsum leik með öllum börnum, eins og til dæmis með vinnu með Eininga- og holukubbum auk þess sem ýmsar aðrar tegundir af kubbum eru aðgengilegar. Efniviður, svo sem tæki og tól er ýtir undir vísindaleik og rannsóknir var ekki sýnlegur. Á veggjum voru verk barnanna af ýmsum toga þar sem sjá mátti að þau fá tækifæri til að meðhöndla og vinna með fjölbreyttan efnivið. Margt styður við stærðfræðinám barna svo sem kubbar, tölustafir á teppum og á veggjum. Tákn og mynstur eru sýnileg og í samverustund var verið að vinna með form og hugtök. Eldri börnin þekktu vel líti, tölur og stafi þegar þau gengu um leikskólann með matsmönnum.

Aðstoða til skapandi starfs er nokkuð góð og aðgengi að efniviðnum er á einum stað, í leikherbergi sem er staðsett á milli deilda. Aðgengi barnanna að efnivið er takmarkað þar sem hann er ofarlega í hillum. Að sögn deildarstjóra fá börnin tækifæri til myndsköpunar í frjálsum leik, þau geta sótt pappír en starfsmenn sjá um að sækja flest annað. Áhugi er á að auka aðgengi barna að litum og er verið að skoða hvar því verður fyrirkomið. Verk barnanna eru víða á veggjum leikskólans, bæði einstaklings- og hópverkefni.

Tónlist var helst að sjá í samveru- og söngstund en hljóðfæri voru ekki sýnleg á deildum. Í viðtali við deildarstjóra kemur fram að hún er mjög stolt af söngstundunum og segir starfsmann sem stýrir þeim gera það vel. Starfsmenn leggja áherslu á að allir séu jafnir. Fjölmeningardagur er einu sinni á ári, allir koma saman og foreldrar koma með mat að heiman. Leikskólinn á dúkkur í fleiri en einum húðlit og athygli barnanna er vakin á því. Verið er að innleiða Vináttuverkefni Barnasáttmálans, búið er að kaupa pakkann og á döfinni er að halda fund með foreldrum og kynna verkefnið. Rauða kross brúðan *Hjálpfús heimsækir leikskólann* er tekin fram reglulega þar sem unnið er með mannúð og samkennd.⁵³

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft í leikskólanum er afslappað og einkennist ef jákvæðni, áhuga og virðingu fyrir börnunum. Í skólanámskrá er rík áhersla lögð á líðan barna meðal annars í áherslum Heilsuleikskólans. Á vettvangi mátti sjá áherslur þessar endurspeglast í ýmsum þáttum daglegs lífs. Vellíðan barna birtist í jákvæðum samskiptum, félagslegum tengslum og umhyggju starfsmanna. Starfsmenn eru nálægt börnum í leik, taka þátt, leiðbeina og hvetja. Matsmenn sáu glöð, kraftmikil og áhugasöm börn sem áttu oftast í góðum samskiptum. Í rýnihóp sögðu börnin að það væri gaman að koma í leikskólann. Þau lesa og leika, kennararnir eru skemmtilegir og þeir hrósa þeim stundum en leika ekki mikið við þau.⁵⁴ Foreldrar nefndu að börnin tali vel um leikskólann sinn. Þeir sögðu að þeim liði vel, lærðu mikið og væru sjálfstæð. Þau eru glöð og vilja stundum ekki koma heim. Í leikskólanum fari fram gott starf með börnunum og það eigi við um allan aldur.⁵⁵

49 Skólanámskrá Laufáss 2017.

50 Rýnihópur barna.

51 Viðtöl við starfsmenn.

52 Viðtöl við deildarstjóra.

53 raudikrossinn.is.

54 Rýnihópur barna.

55 Rýnihópur foreldra.

Mat á námi og velferð barna

Í kafla um innra mat í skólanámskrá er greint frá helstu matsaðferðum og getið hvaða matstæki eru notuð fyrir hvern aldursþóp.⁵⁶ Í starfsáætlun eru einnig tilgreind matstæki sem leikskólinn styðst við og þar á meðal er *Heilsubók barnsins*. Deildarstjóri segir að heilsubókin sé þeirra matstæki og þar eru sérstök skráningarblöð til þess að færa inn upplýsingar um börnin. Skráð er í bókina tvisvar á ári, haust og vor. Áður en kemur að foreldraviðtölum hittast starfsmenn og samræma upplýsingar um barnið. Foreldri er síðan kynnt niðurstaðan í foreldraviðtali.⁵⁷

Í starfsáætlun er matstækjum gerð skil eins og Hljóm-2 sem kannar hljóð- og málvitund, MÍÓ stærðfræðiskimun, Tove Krogh teiknikönnun og EFI-2 málþroskaskimun.⁵⁸ Skimanir eru gerðar af skóla- og sérkennslufulltrúa og hún sér um að skila niðurstöðum til foreldra.⁵⁹ Ekki fara fram uppeldislegar skráningar og börnin taka ekki þátt í að meta nám sitt eða setja sér markmið.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og foreldrar sögðust fá upplýsingar um stöðu barna sinna úr Heilsubókinni. Viðtalið við foreldri tekur sá starfsmaður sem er með barnið í sínum hóp.⁶⁰

Styrkleikar

- Námsumhverfi og efniviður er fjölbreyttur og vekur áhuga barnanna.
- Leikskólalóð og svæði utan leikskólans býður upp á ýmsa námsmöguleika.
- Áherslur leikskólans endurspeglast í starfi með börnunum.
- Byggingaleikir fá gott rými og kubbar eru aðgengilegir börnum.
- Námsumhverfið styður við máltöku og málþroska barna og ritmál er í hæð þeirra.
- Unnið með heilbrigði og vellíðan og áhersla er á hreyfingu og holla næringu.
- Starfsmenn eru stoltir af Heilsustefnu leikskólans og útináminu.
- Andrúmsloft er afslappað og einkennist ef jákvæðni, áhuga og virðingu fyrir börnum.
- Börnunum líður vel og segja að það sé gaman að koma í leikskólann.
- Niðurstöður úr Heilsubók barnsins eru kynntar í foreldraviðtali sem er tvisvar á ári.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að auka aðgengi barna að efni til listsköpunar.
- Æskilegt væri að taka upp umræðu um hvort endurmeta ætti dagskipulag.
- Ræða þarf, meta og auka þátttöku og ákvarðanatöku barna í leikskólastarfinu.
- Auka búnað og tæki sem ætluð eru til rannsókna og vísinda og gera aðgengileg.
- Gefa börnum tækifæri á að meta nám sitt og setja sér markmið.

56 Skólanámskrá 2017.

57 Viðtal við deildarstjóra.

58 Starfsáætlun Laufáss 2018-2019.

59 Viðtal við skóla- og sérkennslufulltrúa.

60 Rýnihópur foreldra.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er að nafninu til en er í dag óvirkt. Starfsáætlun og vinnureglur eru ekki til, né haldnir fundir eða skrifaðar fundargerðir. Sömu einstaklingar sitja í foreldraráði og stjórn foreldrafélags. Í samtali við formann foreldraráðs/foreldrafélags kom fram að óljóst væri hver munurinn er á hlutverkunum en vilji væri til að ráða bót á því. Nauðsynlegt sé að eiga samtal við leikskólastjóra og virkja foreldraráðið sem fyrst. Engar upplýsingar er að finna á heimasíðu leikskólans um foreldraráð.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Foreldrar taka þátt í viðburðum í leikskólanum, sjá um jólagjafir fyrir jólaskemmtun, halda kökubasar og taka þátt í vorhátíð þar sem leik- og grunnskólinn eru saman. Starfsfólk býður foreldrum og börnum í útisúpu þá skipulagsdaga sem leikskólinn lokar um hádegi. Góð mæting er á alla viðburði og auk foreldra er ömmum og öfum er líka boðið. Starfsmenn sögðust hvetja foreldra til að koma með hugmyndir og reyna að mæta þeim. Á heimasíðu leikskólans er hlekkur merktur foreldrafélagi. Þar má finna lög foreldrafélagsins og hverjir sátu í stjórn félagsins leikskólaárið 2016-2017.

Upplýsingaflæði frá leikskólanum er gott að mati foreldra. Þeir hitta starfsmenn daglega og fá á þann hátt helstu upplýsingar en sögðust ekki vera hvattir sérstaklega til að koma í heimsókn í leikskólann. Foreldrar sögðust leita til starfsfólks þegar með þarf og þeim sé vel tekið. Viðburðadagatal er gefið út fyrir hvern mánuð og einnig er lokuð fésbókarsíða fyrir foreldra þar sem minnt er á ýmsa viðburði. Heimasíðan er sjaldan skoðuð að sögn foreldra. Foreldrahandbók með upplýsingum um stefnu leikskólans, aðlögun barna, ásamt öðru er við kemur barni og foreldrum, er afhent nýjum foreldrum og hún er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.⁶¹

Viðhorf foreldra

Foreldrar í rýnihóp voru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann, starfsmenn og leikskólastjóra. Þeim finnst þeir velkomnir og sögðu að starfsmenn kæmu eins fram við alla. Vel gangi að ná sambandi við leikskólastjóra, hún taki erindum þeirra vel og þau séu ánægð með hana sem stjórnanda. Foreldrar sögðu góðan starfsanda ríkja í leikskólanum og að samskipti starfsfólks og foreldra séu persónuleg.

Foreldrarnir voru sammála um að starfið með börnunum væri gott og það eigi við um allan aldur. Hvert barn er tekið eins og það er og fær að njóta sín sem einstaklingur. Viðfangsefni í leikskólanum eru fjölbreytt. Þeir taka sérstaklega fram að bækur séu mikið notaðar, að börnin komi með bækur að heiman sem eru lesnar í leikskólanum. Foreldrar eru ánægðir með leikskólann og aðstöðu inni og úti. Þeir nefndu ánægju barnanna með ferðir í íþróttahúsið og sögðust ánægðir með útiveru og vettvangsferðir þar sem börnin fá að kynnast allskonar veðurfari. Þeir nefndu einnig ánægju með útinámið og fjöruferðir.⁶²

Foreldrar í rýnihópnum lýstu áhyggjum sínum af fækkun barna. Ef það gerist þurfi að loka leikskólanum og færa börnin yfir í grunnskólann sem þeir telja ekki góðan kost. Foreldrar bentu á þann möguleika að sýna meiri sveigjanleika varðandi vistun barna með því meðal annars að fólk sem kemur til starfa í styttri tíma geti fengið inni fyrir börn sín í leikskólanum án þess að vera með lögheimili á Þingeyri.

Samstarf við grunnskóla

Formlegt samstarf er við grunnskóladeild skólans og unnið eftir skipulagi er nefnist *Brúum bilið*. Starfsfólk hefur sett sér markmið um gagnkvæmt samstarf og gerð er áætlun að hausti sem er endurmetin að vori. Meðal þess sem kemur fram í markmiðum um samstarf eru gagnkvæmar heimsóknir kennara

61 Heimasíða Laufás.

62 Rýnihópur foreldra.

elstu barna leikskóladeildar og yngstu nemenda grunnskóladeildar. Einnig er lögð áhersla á endurmenntun kennara til að efla tengsl skólastiganna og markmið eru sett til að efla skólafærni barna í leikskólanum. Greint er nánar frá markmiðum, áherslupáttum og verkþáttum í skólanámskrá og starfsáætlun leikskólans.⁶³

Annað samstarf

Samstarf er við íþróttahúsið þar sem börnin hafa aðgang að aðstöðu til frjálsra og skipulagðra hreyfileikja sem starfsmenn leikskólans skipuleggja. Leikskólar Ísafjarðarbæjar halda sameiginlega vorhátíð með myndlistarsýningu. Myndlistarsýningin er annað hvert ár á móti íþróttahátíð þar sem börn og starfsmenn frá öllum leikskólum bæjarfélagsins hittast. Myndlistarsýningin er sett upp í stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði en Íþróttahátíðin er haldin til skiptis á Ísafirði, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri.⁶⁴ Í desember heimsækja börn og starfsmenn elliheimilið og eldriborgarastarfið og syngja fyrir heimilisfólk. Börnin fara einnig í kirkjuna í desember, skreyta jólatréð og presturinn gefur börnunum lítinn pakka sem vekur gleði þeirra.⁶⁵

Börn og starfsmenn safna flöskum með þátttöku foreldra sem þau síðan fara með á ákveðinn stað. Börnin fara í heimsókn í ýmis fyrirtæki og þeim hefur verið boðið um borð í nýjan bát á Þingeyri. Þau hafa einnig fengið að skoða erlent skemmtiferðaskip sem lá við bryggju á Þingeyri.⁶⁶

Styrkleikar

- Foreldrafélag er starfandi og tekur virkan þátt í viðburðum leikskólans.
- Upplýsingaflæði til foreldra er gott.
- Foreldrahandbók er afhent nýjum foreldrum í upphafi leikskólagöngu.
- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann, þeim finnst þeir velkomnir í leikskólann.
- Formlegt samstarf er við grunnskóladeild skólans og unnið eftir ákveðnu skipulagi.
- Leikskólinn hefur aðgang að íþróttahúsinu sem þau nýta einu sinni í viku.

Tækifæri til umbóta

- Virkja þarf foreldraráð, gera starfsáætlun og vinnureglur og funda reglulega.
- Bæta þarf upplýsingar um foreldraráð á heimasíðu og gera fundargerðir aðgengilegar.

63 Skólanámskrá Laufáss 2017 og starfsáætlun Laufás 2018-2019.
64 Viðtal við leikskólustjóra.

65 Viðtal við deildarstjóra.
66 Viðtal við deildarstjóra.

Skóli án aðgreiningar

Skólabjónusta og sérkennsla

Sérkennslustjóri er ekki starfandi við leikskólann en skóla- og sérkennslufulltrúi Ísafjarðarbæjar sér um greiningar og skimanir í leikskólanum, aðstoðar við einstaklingsáætlanir og skilar niðurstöðum til leikskólans og foreldra. Starfsmenn vinna einstaklingsáætlanir í samstarfi við foreldra, sérkennari fær afrit af áætlunum og fylgir þeim eftir. Farið er eftir ferli ef grunur vaknar um frávik hjá barni. Skóla- og sérkennsluráðgjafi veitir starfsmönnum ráðgjöf vegna sérkennslu og stuðnings og einnig ráðgjöf um uppeldisstarfið sé þess óskað. Hann kemur einu sinni í mánuði í leikskólann og oftast ef þarf. Sálfræðingur og talmeinafræðingur starfa sem verktakar hjá Ísafjarðarbæ, sérkennari sér um að bóka tíma hjá þeim. Hann fær allar beiðnir, greinir þær og hefur samband við viðeigandi sérfræðing.⁶⁷

Börn með annað móðurmál en íslensku

Í vetur eru flest börn íslenskumælandi fyrir utan eitt barn. Starfsmenn hafa brugðist við með því meðal annars að hafa myndrænt dagskipulag uppi við. Auk þess er barnið hvatt til þess að tjá sig á sínu tungumáli og kenna starfsfólki og börnum tölustafi og einstök orð sem hefur gefist vel. Almenn móttökuáætlun leikskóla Ísafjarðarbæjar er í skólanámskrá og bent á leiðir varðandi móttöku barna og foreldra með annað tungumál.⁶⁸

Styrkleikar

- Skóla- og sérkennslufulltrúi Ísafjarðarbæjar sér um greiningar og skimanir og veitir ráðgjöf vegna sérkennslu og stuðnings.
- Farið eftir ferli ef grunur vaknar um frávik hjá barni.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir þau börn sem njóta sérkennslu og skipað er teymi í kringum þau þar sem foreldrar eru þátttakendur.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf skriflegan feril um sérkennslu og verkferla um framkvæmd hennar.

67 Viðtal við skóla- og sérkennslufulltrúa.

68 Skólanámskrá Laufáss 2017.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Í skólastefnu Ísafjarðarbæjar kemur fram að innra mat miði að því að meta leikskólastarfið með kerfisbundnum hætti til að finna veik- og styrkleika starfsins á sem víðastan hátt. Stuðst er við fjölbreyttar matsaðferðir og gert ráð fyrir að allir helstu hagsmunaaðilar leikskólans komi að matinu.⁶⁹ Í starfsáætlun er tilgreint hvaða matstæki er áætlað að nota á skólaárinu. Ekkert mat fór fram á leikskólaárinu.

Matsaðferðir sem tilgreindar eru í starfsáætlun eru foreldrakönnun og ECERS kvarði. Í viðtali við leikskólastjóra og skóla- og sérkennslufulltrúa kemur fram að á döfinni er að innleiða matstæki er nefnist *Hversu góður er leikskólinn okkar* (e. *How good is our school*).⁷⁰ Sveitarfélag Skagafjarðar innleiddi á sínum tíma matstækið í leik- og grunnskóla sína og sá um fræðslu fyrir starfsfólk leikskóla hjá Ísafjarðarbæ. Eitt ár er síðan námskeiðið var haldið og enn hefur ekki tekist að halda áfram með verkefnið vegna tímaskorts. Að sögn leikskólastjóra hefur verið valinn einn gæðagreinir og starfsmenn fengu tækifæri til að æfa sig í að fara í gegnum það ferli. Foreldra- og starfsmannakannanir hafa verið gerðar í gegnum Skólapúlsinn en það hefur verið erfiðleikum háð þar sem samfélagið er lítið og niðurstöður því auðveldlega rekjanlegar. Skólapúlsinn hefur verið lagður tímabundið til hliðar að sögn leikskólastjóra.⁷¹ Mat á innra starfi, starfsháttum og ígrundun í starfi fer fram í daglegu starfi og í umræðumati, þá helst á skipulagsdögum, ekki er um formlegt mat að ræða. Börn og foreldrar koma ekki að innra mati.⁷²

Gagnaöflun og vinnubrögð

Í starfsáætlun 2017-2018 kemur fram að ekki hafi verið gerð foreldrakönnun það ár og er ástæðan sú að börnin voru of fá. Umræða hefur farið fram hvort finna verði aðrar leiðir. Foreldrakannanir hafa verið gerðar annað hvert ár og starfsmannakönnun hitt árið. Mat á starfsháttum fer ekki fram reglulega og í starfsáætlun var ekki gerð grein fyrir því hvað á að meta og hvenær.

Opinber birting og umbætur

Áætlun um innra mat liggur ekki fyrir og heldur ekki greinagerð þar sem fjallað er um niðurstöður innra mats. Á heimasíðu má finna upplýsingar um hvað er metið í leikskólastarfinu þar sem stuðst er við Heilsubók barnsins og að foreldrum er gefinn kostur á að leggja mat sitt á starfsemi leikskólans. Starfsáætlun er ekki birt á heimasíðu leikskólans.

Styrkleikar

- Samkvæmt upplýsingum leikskólastjóra hefur verið ákveðið hvaða matstæki á að nota við innra mat.

Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að stofnun matsteymis með fulltrúum stjórnenda og starfsmanna þannig að allir komi að því að ákveða áherslur og forgangs röðun við innra mat.
- Gera þarf nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
- Leita skal leiða til að fá fram sjónarmið barna við mat á leikskólastarfinu.
- Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat, þar sem dregnir eru fram helstu styrkleikar og helstu tækifæri til umbóta.

69 Skólastefna Ísafjarðarbæjar.
70 Education.gov.scot

71 Viðtal við leikskólastjóra.
72 Viðtal við deildarstjóra.

- Út frá niðurstöðum innra mats þarf að gera nákvæma umbótaáætlun þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.
- Leikskólastjóri sjái til þess að á deildarfundum fari fram ígrundun í starfi

Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = **Grænt** – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = **Ljósgrænt** – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = **Gult** – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = **Rautt** – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi í Leikskólanum Laufási: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans er rúmgott og vel nýtt fyrir öll börn.
- Ísafjarðarbær veitir starfsmönnum leikskólans styrk er sækja leikskólalíða- og leikskólakennaranám.
- Lögð er áhersla á leikinn sem náms- og þroskaleið barna.
- Stefna leikskólans kemur fram í skólanámskrá og starfsmenn þekkja hana.
- Starfsmenn hafa sameinast um áherslur og gildi Heilsuleikskólans.
- Lögð er áhersla á markvisst útinám barna.
- Áherslur í skólastefnu Ísafjarðarbæjar endurspeglast í starfi leikskólans.
- Markmið og áherslur Heilsuleikskólans eru sýnilegar í starfinu.
- Gott samstarf er við skóla- og sérkennslufulltrúa á skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar.
- Áætlun um upphaf leikskólagöngu er afhent foreldrum.
- Starfsþróunarsamtöl eru tekin árlega.
- Góð samskipti eru milli starfsmanna og leikskólastjóra, upplýsingar skila sér vel og aðgengi að leikskólastjóra er gott.
- Starfsmenn eru áhugasamir að sækja sér símenntun og eru hvattir til þess af leikskólastjóra.
- Starfsandi og skólabragur er góður og andrúmsloft jákvætt.
- Góð samvinna og lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf starfsmanna.
- Starfsmenn telja hæfi sína nýtast vel og að störf þeirra séu metin.
- Starfsmenn eru samtaka varðandi áherslur í uppeldisstarfinu.
- Námsumhverfi og efniviður er fjölbreyttur og vekur áhuga barnanna.
- Leikskólalóð og svæði utan leikskólans býður upp á ýmsa námsmöguleika.
- Starfsmenn geta leitað til skóla- og sérkennsluráðgjafa um faglega ráðgjöf.
- Áherslur leikskólans endurspeglast í starfi með börnunum.
- Byggingaleikir fá gott rými og kubbar eru aðgengilegir börnum.
- Námsumhverfið styður við máltöku og málþroska barna og ritmál er í hæð þeirra.
- Unnið með heilbrigði og vellíðan og áhersla er á hreyfingu og holla næringu.
- Starfsmenn eru stoltir af Heilsustefnu leikskólans og útináminu.
- Andrúmsloft er afslappað og einkennist ef jákvæðni, áhuga og virðingu fyrir börnum.

- Börnunum líður vel og segja að það sé gaman að koma í leikskólann.
- Niðurstöður úr Heilsubók barnsins eru kynntar í foreldraviðtali sem er tvisvar á ári.
- Foreldrafélag er starfandi og tekur virkan þátt í viðburðum leikskólans.
- Upplýsingaflæði frá leikskólanum er gott.
- Foreldrahandbók er afhent nýjum foreldrum í upphafi leikskólagöngu.
- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann, þeim finnst þeir velkomnir í leikskólann.
- Formlegt samstarf er við grunnskóla Þingeyrar og unnið eftir ákveðnu skipulagi.
- Leikskólinn hefur aðgang að íþróttahúsinu sem þau nýta einu sinni í viku.
- Skóla- og sérkennslufulltrúi Ísafjarðarbæjar sér um greiningar og skimanir og veitir ráðgjöf vegna sérkennslu og stuðnings.
- Farið eftir ferli ef grunur vaknar um frávik hjá barni.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir þau börn sem njóta sérkennslu og skipað er teymi í kringum þau þar sem foreldrar eru þátttakendur.
- Samkvæmt upplýsingum leikskólastjóra hefur verið ákveðið hvaða matstæki á að nota við innra mat.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Gera þarf nánari grein fyrir áherslum og markmiðum leikskólans í skólanámskrá.
- Kynna stefnu leikskólans og áherslur betur fyrir foreldrum og gera sýnilega í umhverfi leikskólans.
- Í skólanámskrá þarf að gera grein fyrir hvernig markmið leikskólans eru metin og skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Gera ætti einkunnarorð/ áherslur sýnilegar í leikskólanum.
- Æskilegt er að unnin verði starfsmannahandbók með nauðsynlegum upplýsingum fyrir starfsfólk.
- Í greinargerð um innra mat þarf að koma fram hvaða þættir voru metnir, greina frá niðurstöðum mats og tilgreina umbætur.
- Leikskólastjóri sjái til þess að á deildarfundum fari fram ígrundun í starfi.
- Skrá þarf fundargerðir og gera aðgengilegar fyrir starfsmenn.
- Gera þarf símenntunaráætlun fyrir starfsmenn og birta í starfsáætlun.
- Æskilegt væri að bæta aðgengi barna að listsköpun.
- Skoða þarf hvort frjáls leikur fær samfelldan tíma í dagskipulagi.
- Ræða þarf, meta og auka þátttöku og ákvarðanatöku barna í leikskólastarfinu.
- Auka búnað og tæki sem ætluð eru til rannsókna og vísinda og gera aðgengileg.
- Gefa börnum tækifæri á að meta nám sitt og setja sér markmið.

- Virkja þarf foreldraráð, gera starfsáætlun og vinnureglur og funda reglulega.
- Bæta þarf upplýsingar um foreldraráð á heimasíðu og gera fundargerðir aðgengilegar.
- Gera þarf skriflegan feril um sérkennslu og verkferla um framkvæmd hennar.
- Huga þarf að stofnun matsteymis með fulltrúum stjórnenda og starfsmanna þannig að allir komi að því að ákveða áherslur og forgangs röðun við innra mat.
- Gera þarf nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
- Leita skal leiða til að fá fram sjónarmið barna við mat á leikskólastarfinu.
- Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat, þar sem dregnir eru fram helstu styrkleikar og helstu tækifæri til umbóta.
- Út frá niðurstöðum innra mats þarf að gera nákvæma umbótaáætlun þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum Laufási leiðir í ljós að þar fer fram gott leikskólastarf sem er í góðu samræmi við áherslur aðalnámskrár leikskóla og áherslur sveitarfélagsins. Heilsustefna leikskólans er sýnileg í starfi og starfsmenn eru áhugasamir um að framfylgja stefnunni. Foreldrar eru ánægðir með starf leikskólans og samskipti við leikskólastjóra og starfsmenn. Starfsmenn leggja metnað sinn í að vinna vel og skapa börnunum góð uppeldis- og þroskaskilyrði. Leik- og námsaðstæður barna eru góðar og börnunum líður vel og finnst gaman í leikskólanum. Auka má lýðræðislega þátttöku barna, val á verkefnum og áhrif þeirra á skipulag starfsins. Starfsandi er góður, starfsmönnum líður vel og þeir eru stoltir af starfi sínu. Starfsmenn sýna börnum umhyggju og virðingu og viðmót þeirra er jákvætt og hvetjandi. Samstarf milli leik- og grunnskóladeildar er formlegt og vel staðið að því. Samstarf við skóla- og tómstundasvið sveitarfélags Ísafjarðarbæjar og við Skóla- og sérkennslufulltrúa er gott. Áfram þarf að leita leiða til að fjölga leikskólakennaramenntuðum starfsmönnum. Markvisst þarf að vinna að innra mati leikskólans út frá áætlunum til lengri og skemmri tíma, skrifa greinargerð og vinna umbótaáætlun út frá niðurstöðum.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Gögn frá leikskólastjóra.

Heimasíða Ísafjarðarbæjar. Sótt á vef 1. apríl. Slóðin er: <http://www.isafjordur.is>

Skólastefna Ísafjarðarbæjar. Sótt á vef 3. apríl: Slóðin er:

<https://www.isafjordur.is/static/files/UtgefidEfni/Stefnur/skolastefna.pdf>

Skólanámskrá Laufás. Sótt á vef 3. apríl. Slóðin er: <http://www.leikskolinnlaufas.is>

Jafnréttisstefna Ísafjarðarbæjar. Sótt á vef 12. apríl: Slóðin er:

<https://www.isafjordur.is/static/files/UtgefidEfni/Stefnur/jafnrettisstefna.pdf>

Viðtöl:

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við starfsmenn.

Viðtal við skóla- og sérkennslufulltrúa.

